

***BORGARRÁÐ 26. ágúst 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að ráða eldri borgara til að leysa mönnunarvanda leikskóla - R21080159***

***BORGARRÁÐ 26. ágúst 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að ráða eldri borgara til að leysa mönnunarvanda leikskóla - R21080159***

Tillaga Flokks fólksins að ráða eldra fólk, fólk um og yfir sjötugt sem hefur áhuga á að starfa á leikskólum til að draga úr mönnunarvanda leikskólanna. Enn og aftur er ekki hægt að taka börn inn í leikskóla vegna manneklu sem veldur foreldrum ómældu álagi. Svör eru óljós og loðin. Börn sem byrja áttu í september geta kannski byrjað í október. Hér er um að ræða yngstu börnin og þau langyngstu, sem fædd er síðast á árinu, mæta algerum afgangi.

Foreldrar eru í örvæntingu sinni að leita annarra leiða, reyna að koma börnum sínum að, jafnvel í öðrum hverfum. Í þessum tilfellum er búið að kveðja dagmæðurnar, sumarfrí er lokið og foreldrar byrjaðir að vinna. Ekki allir foreldrar eiga þess kost að vinna heima auk þess sem lítið verður úr vinnu heima þegar verið er að annast tæplega tveggja ára barn á sama tíma. Fulltrúi Flokks fólksins hefur gagnrýnt þetta harðlega og verið spurður af skóla- og frístundasviði hvaða lausnir hann telji vera í boði. Fulltrúi Flokks fólksins leggur hér til lausn sem er að bjóða fólki sem hefur áhuga á að vera lengur á vinnumarkaði, t.d. starfa í leikskólum en sem hefur verið skikkað af borgarkerfinu til að setjast í helgan stein.

**Greinargerð:**

Sá vandi sem hér er reifaður er fyrst og fremst manngerður. Skóla- og frístundasvið hefur ekki tekist að leysa vandann. Þau störf sem hér um ræðir þarf að gera aðlaðandi og eftirsóknarverð. Launin eru lág og álag stundum mikið svo eitthvað annað þarf að koma til til að gera störfin eftirsóknarverð. Ef hugsað er út fyrir boxið má sjá lausnir og er ein sú sem hér er lagt til, að ráða fólk um og yfir sjötugt til starfa sem hafa orku og áhuga á að starfa á leikskólum. Vissulega mætti gera margt annað til að laða fólk til starfa í leikskólum t.d. bjóða upp á aukafrí eða aðra umbun. Það verður að grípa til slíkra aðgerða þegar keyra á láglaukastefnu eins á þá sem borgin keyrir.

Skortur á leikskólaplássi er aukaálag á foreldra ofan í allt annað svo sem COVID. Það gengur ekki að senda foreldrum bréf og segja “því miður, „það er bara ekki hægt að taka barnið ykkar inn í leikskóla eins og til stóð”. Það segir í einu slíku bréfi frá leikskóla að það vanti „hæft” starfsfólk, að auglýsingarnar skili litlu og ekki sé mikið um umsóknir sem henta. Margt eldra fólk sem er fullt af orku og áhuga en sem kerfið hefur sent heim af vinnumarkaði vegna þess að það er orðið sjötugt er fullkomlega hæft og umsóknir frá þeim gætu hentað vel. Í kjarasamningi segir að yfirmanni sé heimilt að „endurráða mann/konu, sem náð hefur 70 ára aldri í annað eða sama starf á tímavinnukaupi, allt að hálfu starfi, án þess að það hafi áhrif á rétt hans til töku lífeyris. Fyrir liggur heimildin svo ekkert er að vanbúnaði. Hér er tilvalið tækifæri til nýta dýrmæta reynslu eldra fólks sem komið er um og yfir sjötugt og langar að nýta krafta sína og reynslu áfram á vinnumarkaði.